



Fundargerð XVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2004

Árið 2004, 26. nóvember hófst landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga hið XVIII. á NORDICA hótél í Reykjavík kl. 9:30.

1. Þingsetning

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Vísað er til setningaræðu formanns sem birt er á heimasíðu sambandsins.

2. Ávarp félagsmálaráðherra

Árni Magnússon, félagsmálaráðherra ávarpaði þingið og fjallaði einkum um stöðu viðræðna ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna sveitarfélaga og um styrkingu sveitarstjórnarstigsins með sameiningu sveitarfélaga.

3. Kjör forseta þingsins og annarra starfsmanna

a) Þingforsetar voru kosnir:

Björn Hafþór Guðmundsson varaformaður sambandsins og Ásgerður Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar

b) Þingritarar voru kosnir:

Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar og Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri Höfðahrepps

c) Í kjörbréfanefnd voru kosin:

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Haukur Ómarsson, bæjarfulltrúi Siglufjarðarkaupstaðar og Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir, hreppsnefndarmaður í Rangárþingi eystra.

4. Tillaga að breytingum á lögum sambandsins

Sigrún Jónsdóttir, stjórnarmaður í sambandinu og bæjarfulltrúi í Kópavogi, kynnti tillöguna og gerði grein fyrir helstu breytingum.

Í umræðum um breytingar á lögum tóku eftirtaldir til máls:

Hörður Guðbrandsson, forseti bæjarstjórnar Grindarvíkurbæjar, sem m.a. lagði til að 4. gr. haldist óbreytt til næsta landsfundar.

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri Skagafjarðar, sem m.a. lagði til að 4. gr. breytingartillögunnar verði frestað og vísað til stjórnar og endurmetin í ljósi niðurstöðu sameiningarkosninga sveitarfélaga.

Elín Línadal, oddviti Húnaþings vestra.

Cecil Haraldsson, forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar

Helga Halldórsdóttir, formaður stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Reinhard Reynisson, bærarstjóri Húsavíkurbæjar.

Steinþór Pétursson, sveitarstjóri í Austurbyggð.

Valgerður Bjarnadóttir, bærarfulltrúi í Akureyrarkaupstað.

Stefán A. Jónsson, varaoddviti Torfalækjarhrepps, sem gerði svohljóðandi breytingartillögu við 4. gr. „Sveitarfélag með 100.000 til 150.000 íbúa kýs 16 fulltrúa.“

Guðmundur Stefánsson, oddviti Hraungerðishrepps.

Þorbergur Hauksson, forseti bærarstjórnar Fjarðabyggðar.

Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, sem gerði þá breytingartillögu að framkvæmdastjórar sveitarfélaga eigi seturétt á landsþingum með málfrelsi og tillögurétt.

Hlé var gert á þingstörfum og fulltrúar út stjórn sambandsins settust yfir ábendingar og breytingartillögur til að meta hvort mögulegt sé að ná sátt um ágreiningsefni.

Sigrún Jónsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðu umræðuhópsins. Hún lagði til fyrir hönd hópsins:

„Breytingartillaga laganna verði samþykkt þannig að 4. gr. verði óbreytt frá eldri lögum, 5. gr. h-liður verði einnig óbreyttur frá gildandi lögum sem í-liður. Í 13. grein verði orðinu „næsta“ bætt inn í setninguna: „Launanefnd er kosin á _____ landsþingi sambandsins“.“

Breytingartillögum og ábendingum um eftirfarandi verði vísað til stjórnar sambandsins:

- a) Breytingu á 5. gr. um að landsþing verði haldið í júní eða fyrir ágústlok.
- b) Um að framkvæmdastjórar sveitarfélaga eigi rétt til setu á landsþingum með málfrelsi og tillögurétt.
- c) Í 8. gr. um kosningu stjórnar komi til „tveggja ára“ í stað „fjögurra ára“.
- d) Í 4. gr. 1. mgr. komi ákvæði sem gefi sveitarstjórnnum kost á að breyta fulltrúavali.

Þessum tillögum var samþykkt að vísa til stjórnar með meginþorra atkvæða gegn einu.

Tillaga Sigrúnar fh. starfshópsins um óbreytta 4. gr. o.fl. var samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar um breytingu á lögum sambandsins með áorðnum breytingum var samþykkt.

Aðrar tillögur voru dregnar til baka.

5. **Álit kjörbréfanefndar**

Haukur Ómarsson greindi frá eftirfarandi niðurstöðu kjörbréfanefndar:

Rétt til setu á landsþinginu eiga 173 fulltrúar frá 101 sveitarfélagi. Mættir eru 103 aðalfulltrúar, 10 varafulltrúar eða samtals 113 fulltrúar frá 74 sveitarfélögum.

Efling sveitarstjórnarstigsins

Erindi:

6. **Almennt um verkefnið og framgang stefnumörkunar landsþings**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins og fulltúi sambands í verkefnisstjórn.

7. **Um störf sameiningarnefndar**

Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Borgarbyggð og fulltrúi sambandsins í sameiningarnefnd.

8. **Um störf tekjustofnananefndar**

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og fulltrúi sambandsins í tekjustofnananefnd.

Öll ofanefnd erindi eru birt á heimasíðu sambandsins.

Umræður:

Til máls tóku:

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Varpaði fram þeirri hugmynd að formaður sambandsins og framkvæmdastjóri ásamt félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra gangi í að leysa tekjustofnamálið, á forsendum sem tekjustofnananefndin hefur lagt upp.

Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi.

Hörður Guðbrandsson, forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar.

Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstað.

Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri SSA.

Hjálmar Árnason, alþingismaður og formaður verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Guðjón Bragason, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra.

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri Skagafjarðar.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti Borgarfjarðarsveitar.

Sigrún Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Hörður Guðbrandsson, forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, sem lagði fram drög að ályktun þingsins.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Í lok umræðunnar tóku framsögumenn saman umræðupunkta og veittu svör við spurningum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lagði fram svohljóðandi tillögu að ályktun:

„XVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 26. nóvember 2004 lýsir fullum stuðningi við störf fulltrúa sambandsins í tekjustofnananefna og hvetur ríkisvaldið til þess að koma til móts við sjónarmið þeirra í nefndinni.

Landsþingið telur að ekki séu forsendur til þess að færa ný verkefni til sveitarfélaga fyrir en núverandi tekjustofnar þeirra hafi verið styrktir með hliðsjón af þeim lögskyldu og venjubundnu verkefnum sem þeim ber að sinna.“

Til máls um ályktunina tók Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þórólfur Árnason borgarstjóri í Reykjavík ávarpaði landsþingið og þakkaði gott samstarf á undanförunum tveim árum.

Formaður lagði til að því yrði komið á framfæri við fjölskyldu Sigurðar Geirdal að hugur landsþingsfulltrúa sé með honum í erfiðum veikindum.

Fleira ekki gert, þingi slitið kl. 17:00.

Sigríður Finsen

Magnús B. Jónsson